



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**

Hótel Vík í Mýrdal
30. október 2015

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Páll Stefánsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Elínu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Elín Einarsdóttir, fundarstjóri, tók við stjórn fundarins.

c) Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HES að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbæ
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Páll Stefánsson flutti skýrslu stjórnar. Heilbrigðisnefndin hefur haldið 6 fundi á þessu ári. Hvorki hafa verið deilur né átök innan nefndarinnar og þakkar formaður fyrir það. Fundir nefndarinnar fara mikið í að samþykkja leyfi en starfsmenn HES hafa þá áður farið og tekið staðina út en fara þarf eftir fjölda reglugerða og samþykka í leyfisveitingum.

Leyfisveitingar vegna fiskeldisstöðva voru fluttar frá eftirlitinu á árinu en við bættist eftirlit matjurta. Fráveitumál eru stór þáttur í starfi heilbrigðisnefndar.

Eitt af stærstu málum eftirlitsins nú er ólykt frá starfsemi fyrirtækja í Þorlákshöfn.

Matvælastofnun er með eftirlit innanhús í þessum fyrirtækjum en stefnt er að því að leysa þetta mál á komandi ári.

Einnig er eftirlit með loftgæðamælingum en OR hefur náð góðum árangri í að minnka mengum brennisteinsefna.

Stefnt er að því að samhæfa starfshætti heilbrigðiseftirlits á landinu og hefur starfshópur unnið skýrslu þar sem lagt er til að leggja niður heilbrigðiseftirlit víða á landinu og umhverfisstofnun en ekki voru þó allir í hópnum sammála um það. Líklegt þykir þó að fækkun verði á heilbrigðiseftirliti í framtíðinni.

Elsa Ingjaldsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri, lét af störum í ágúst sl. Þakkaði formaður henni fyrir góð störf, Sigrún Guðmundsdóttir var ráðinn nýr framkvæmdastjóri. Einnig var Ágúst Óskar Sigurðsson fastráðinn. Enn á eftir að manna 1 starfsgildi eftir að Elsa lét af störfum en starfsgildin eru 6 í dag.

Ekki hefur HES verið mikið í fréttum það sem af er ári og ber því að fagna.

e) Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri, tók til máls. Sigrún þakkaði Elsu Ingjaldsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóra, fyrir vel unnin störf og samstarfið og óskaði henni góðs gengis á nýjum vettvangi.

Sagði hún hlutverk HES vera að gæta hagsmuna neytenda, með hollustuháttum og matvælaeftirliti, og stuðla að verndum náttúrunnar með umhverfis- og mengunareftirliti.

Sveitarstjórum er skylt að reka heimbrigðiseftirlit. HES sér um eftirlit í 14 sveitarfélögum í Suðurlandskjördæmi.

Ræddi hún um mikla aukningu í gistiþjónustu á svæðinu í ýmsum gistimöguleikum svo sem útleigu sumarhúsa og fjölgun gististaða.

Aukning hefur orðið á veggjalús með aukningu ferðamanna, ef hún kemur upp þarf að gera allsherjarráðstafanir í því herbergi. Einnig hefur eftirlit með sund- og baðstöðum aukist. Álag á náttúruna hefur aukist til muna og tók hún sem dæmi Þórsmörk og Þingvelli en huga þarf vel að fráveitumálum á ferðamannastöðum.

Fjölgun hefur orðið á fyrirtækjum á svæðinu.

Vatnsgæði voru almennt góð á sl. ári það er misjafnt milli ára hversu mörg sýni eru tekin en þegar vá ber að þá eykst eftirlit eins og við jarðskjálfta og eldgos.

Loftgæðamælingar eru stór hluti af eftirlit HES. Vaktaðir eru mælar í Norðlingaholti og Hveragerði. Eftir að niðurdæling hófst á Hellisheiði má glögglega sjá minnkun á H2S til muna en hún jókst við gosið í Holuhrauni.

Það er komin ný eftirlitshandbók um matvælaeftirlit sem á eftir að taka í notkun og nýjar reglur um merkingu matvæla.

Hafa fulltrúar verið að fikra sig áfram í rafrænu eftirliti og er þá skráð og sent frá staðnum sem verið er að taka út.

Vill hún sjá skýrar hvert hlutverk HES á að vera í eftirliti með leikvöllum og tækjum.

Vildi hún ítreka það við fundarmenn að leyfi þarf fyrir bæjarhátíðum en beiðni um það þarf að koma um 3 vikur fyrir til þess að fá afgreiðslu.

Hún vill sjá sveitarfélög setja fram samþykktir fyrir losun rotþróa. Einnig eru bílflök, fráveitur og sorp í þeirra umsjá. 5 salmonellu mál komu upp á árinu 2014 en það sem af er ári eru komin upp 11 mál. Þarf að skoða þessi mál vel og kanna hvað veldur. Verkefni næsta árs er að innleiða handbók fyrir matvælaeftirlit og nýjar reglur um merkingu matvæla.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 55 en gild kjörbréf eru fyrir 55 fulltrúa. Alls er 31 aðalfulltrúi mættur og engir varamenn. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2014

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h) Ársreikningur 2014

Sigrún Guðmundsdóttir fór yfir ársreikning ársins 2014. Rekstrartekjur ársins voru 76,7 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru 82,3 m.kr., þar kom fram að rekstrartap ársins er rúmlega 5 m.kr.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

i) Tillaga að fjárhagsáætlun 2016

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2016. Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 85 m.kr. og rekstrargjöld um 85,3 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 4,9% heildarhækkun á gjaldskrá.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k) Almennar umræður

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og ræddi um brennisteinsvetnismengun og mæla sem eru staðsettir í Hveragerði.

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs.

Páll Stefánsson, formaður heilbrigðisnefndar, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundarstjóri sleit fundi kl: 10:20